



Reykjavík, 8. janúar 2024

MSS23120073

***Bréf til menningar- og viðskiptaráðuneytisins varðandi endurskoðun á reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til endurskoðunar***

Meðfylgjandi bréf til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 3. janúar 2024, er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf til menningar- og viðskiptaráðuneytisins varðandi endurskoðun á reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til endurskoðunar, dags. 3. janúar.



Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

**Varðandi endurskoðun á reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til endurskoðunar**

Vísað er til góðra viðræðna ráðherra og borgarstjóra um mikilvægi þess að huga að reglugerðarumhverfi skammtímagistingar.

Um veitingu rekstrarleyfis fer samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Á grundvelli laganna hefur ráðherra sett reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, sbr. reglugerð nr. 1277/2016 með síðari breytingum („reglugerðin“). Þegar reglugerðin var sett árið 2016 var í henni að finna ákvæði sem sögðu efnislega, að þegar ekki væri um að ræða gistingu sem félli undir heimagistingu, væri slík gisting einungis heimil ef viðkomandi húsnæði hefði verið skilgreint af byggingarfulltrúa sem atvinnuhúsnæði.<sup>1</sup> Með breytingu á reglugerðinni árið 2018, sbr. reglugerðir nr. 649 og 686, var reglugerðinni breytt með þeim hætti að ekki var lengur gerð krafa um að allir gististaðir utan heimagistingar skyldu vera starfræktir í atvinnuhúsnæði. Í fylgiskjali með þessu bréfi er að finna texta reglugerðarinnar þar sem breytingar gerðar árið 2018 eru auðkenndar.

Þessi breyting hefur í það minnsta þrenns konar áhrif sem eru neikvæð á húsnæðismarkaði og skekkir samkeppnisstöðu í ferðaþjónustu:

1. Reykjavíkurborg, önnur sveitarfélög og eftirlitsaðilar missa yfirsýn yfir heilsárs gististarfsemi.
2. Heilsárs gististarfsemi getur að óbreyttu komið sér undan því að greiða fasteignagjöld og skatta til jafns á við gistiheimili og hótél, þ.e. greiða líkt og um íbúðahúsnæði sé að ræða fremur en atvinnuhúsnæði.
3. Uppbyggingaraðilar geta komið sér undan því að hluti af uppbyggingu verði til eflingar á leigumarkaði í samræmi við uppbyggingarsamninga ef íbúðarhúsnæði getur verið í rekstri sem gisting á heilsársgrunni.

Með bréfi þessu er því lagt til að ráðuneytið taki reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til endurskoðunar með það að markmiði að þar verði gerður áskilnaður um að aðrir gististaðir en þeir sem falla undir heimagistingu eða orlofshús félagasamtaka skuli vera í samþykktu atvinnuhúsnæði.

<sup>1</sup> Flokkar gististaða: Heimagisting (flokkur I), gististaður án veitinga (flokkur II), gististaður með veitingum þó ekki áfengisveitingum (flokkur III) og gististaður með áfengisveitingum (flokkur IV).



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,  
Dagur B. Eggertsson,  
borgarstjóri

Hjálagt: Breytingar á reglugerð nr. 1277/2016 sem komu til framkvæmda árið 2018



**Breytingar á reglugerð nr. 1277/2016 sem komu til framkvæmda árið 2018**

*„2. gr.  
Almennt.*

*Gisting er leiga á húsnæði gististaðar til gesta gegn endurgjaldi í að hámarki 30 daga samfleytt í senn. Samfelld leiga til lengri tíma til sama gests fellur undir húsaleigulög.*

*Gististaður er hvert það hús eða húshluti sem notaður er til gistingar og dvalið er í til skamms tíma, að hámarki til 30 daga samfleytt, gegn endurgjaldi.*

*Gistirými er herbergi, rými eða svefnskáli sem tilheyrir gististað og boðið er til gistingar.*

*Gististað skal aðeins starfrækja í húsnæði sem byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heimagistingu samkvæmt ákvæðum 13. gr. má reka í samþykktu íbúðarhúsnæði en allir aðrir gististaðir að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka skulu vera í samþykktu atvinnuhúsnæði til þeirra nota sem fyrirhuguð eru.*

*Skilgreining á fullbúinni snyrtingu og fullbúinni baðaðstöðu er samkvæmt gildandi reglugerð um hollustuhætti.*

*12. gr.  
Íbúðir.*

*Íbúðagisting er leiga á stakri íbúð til gesta. Falli útleiga íbúðar ekki undir heimagistingu telst íbúðin vera atvinnuhúsnæði og skal vera samþykkt af byggingarfulltrúa sem slík.*

*Eldvarnir skulu taka mið af ákvæðum byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði, en með auknum ráðstöfunum skv. reglum Mannvirkjastofnunar þar að lútandi.*

*Innan íbúðar skal vera a.m.k. ein fullbúin snyrting og fullkomin baðaðstaða, sem samþykkt hefur verið af viðkomandi heilbrigðisnefnd.*

*Í hverju gistisherbergi skal vera aðstaða til að hengja upp föt, ruslakarfa, nægilegur fjöldi handklæða og vatnsglas.“*